

Fundargerð (30)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 13. apríl 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson og Sverrir Jónsson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson og Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams mánudaginn 12. apríl. Í upphafi fundar var Kristín Ösp Jónsdóttir boðin velkomin sem nýr áheyrnarfulltrúi frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu.

- 1. Fundargerð 29. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Kom m.a. fram að óskað hefur verið eftir stöðuskýrslu frá hverjum innleiðingarhópi þannig að kynning og umræða geti verið á dagskrá næsta stýrihópsfundar.
- 3. Staða Vinnustundar.** Bára Hildur gerði grein fyrir stöðunni, m.a. að stjórnendaskýrslur séu nú tilbúnar til prófunar hjá launagreiðendum. Þótt hægt hafi þokað sé það þó fram á við. Daglegir stöðufundir og þétt samstarf launagreiðenda sé mikilvægur þáttur í því. Áhyggjur eru af því hversu víða vaktaskýrslur séu unnar í excel, sem ekki taki á öllum nauðsynlegum breytum.
- 4. Hvenær byrjar yfirvinna að telja.** Minnisblað verkefnisstjóra lagt fyrir til kynningar og umræðu. Í samræmi við ákvörðun stýrihóps hefur verkefnisstjórn ásamt tveimur fulltrúum launafólks og tveimur frá launagreiðendum hist ítrekað og átt góða umræðu um hvort yfirvinna 2 sem byrjar að telja þegar vinna fer umfram 38,92 stundir á viku að jafnaði, sé með eða án vægis vinnuskyldustunda. Sameiginleg niðurstaða hefur ekki orðið og skilningur á að hægt sé að færa góð rök fyrir hvorri leiðinni sem er.
- 5. Talning mætinga í tengslum við jöfnun vinnuskila.** Umræðu frestað til næsta fundar þar sem ekki hefur unnist tími til að hittast og undirbúa hana nægilega.
- 6. Önnur mál**
 - Næsti fundur ákveðinn þriðjudag 20. apríl.
 - Fundarstjóri vakti athygli á að í umræðu í fjölmiðlum um breyttan vinnutíma í vaktavinnu hafi þess í einstökum tilvikum gætt að erfið mál og óskyld sem þarfnist úrlausnar blandist

í umræðu um vaktavinnubreytingarnar. Rætt að æskilegt sé að halda þessari kerfisbreytingu aðskilinni frá annarri umræðu.

- Sverrir sat sinn síðasta fund í stýrihópnum þar sem hann heldur til starfa hjá EFTA í Brussel um mánaðamótin. Honum voru þökkun góð störf og árnað heilla á nýjum starfsvettvangi.

Fundi slitið kl. 15.15. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur verður þriðjudaginn 20. apríl kl. 14.00 – 15.30.